

Alþingi
Erindi nr. þ 128/850
komudagur 23.1.2003



DÓMS - OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Alþingi
Eva Margrét Ævarsdóttir, nefndarritari
Alþingihúsinu v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
netfang: postur@dkm.stjr.is
veffang: <http://domsmalaraduneyti.is>

Reykjavík, 21. janúar 2003

Tilvísun: DKM02120134/000/KK/--

Ráðuneytið vísar til erindis yðar, dags. 11. desember 2002, þar sem óskað er eftir að ráðuneytið veiti umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda; 240. mál á Alþingi.

Ráðuneytið veitti umsögn um frumvarp sama efnis þann 7. mars 2002 og gerði þá athugasemdir við 25. gr. þess frumvarps um refsiviðurlög. Í frumvarpi því sem nú er til umsagnar hefur framangreindu ákvæði verið breytt til samræmis við athugasemdir ráðuneytisins. Gerir ráðuneytið því ekki athugasemdir við V. kafla þessa frumvarps.

Í 5. gr. frumvarpsins, sem fjallar um ráðgjafaraðila, er getið um Almannaþing ríkisins. Vakin er athygli á að samkvæmt frumvarpi dómsmálaráðherra til breytinga á lögum nr. 94/1962 um almannaþing, 464. mál á Alþingi, er gert ráð fyrir að hlutverk Almannaþinga ríkisins flytjist til embættis ríkislögreglustjóra. Því er lagt til að í stað orðanna *Almannaþing ríkisins* í 5. gr. frv. komi *ríkislögreglustjóri*.

Ráðuneytinu hefur borist afrit umsagnar, dags. 17. janúar sl., frá Landhelgisgæslu Íslands til yðar um frumvarpið. Ráðuneytið tekur fram að það tekur undir þær tillögur Landhelgisgæslunnar sem fram koma í umsögninni.

F. h. r.

Ragna Árnadóttir / Kristrún Kristinsdóttir

Ljósrit:
Landhelgisgæsla Íslands
Seljavegi 32
101 Reykjavík